

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 182/1998.

Haukur Laxdal

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegn

Sveinberg Laxdal

(Þorsteinn Hjaltason hdl.)

Kærumál. Endurupptaka. Lögmæt forföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, sem gekk 15. apríl 1998 í máli varnaraðila á hendur sóknaraðila og Esther Laxdal, en þar var hafnað þeirri kröfu tveggja hinna síðastnefndu, að málið yrði endurupptekið samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála vegna forfalla umboðsmanns þeirra í þinghaldi 12. september 1997, þar sem útivist hafði orðið af þeirra hálfu. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðili krefst þess, að endurupptaka nái fram að ganga.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Haukur Laxdal, greiði varnaraðila, Sveinberg Laxdal, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. apríl 1998.

Útivist varð af hálfu aðalstefndu í þinghaldi 12. september sl., án þess að forföll væru boðuð. Málsmeðferð eftir það er rakin í dómum Hæstaréttar Íslands 9. október 1997 og 25. mars sl. og ómerkt í þeim báðum.

Hinn 2. apríl sl. barst dóminum beiðni lögmanns aðalstefndu um „endurupptöku máls nr. E-110/1995, aðalsök og gagnsök“, með þeim röksemdum einum, að í forsendum dóms Hæstaréttar 25. mars sl. segi, að bréf lögmanns aðalstefndu til dómsins á dskj. 66 hafi ekki falið í sér beiðni um endurupptöku málsins, svo sem „hugsanlega hefði mátt leita samkvæmt 1. mgr. og 4. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991“.

Í málinu liggur fyrir á dskj. nr. 67 vottorð læknis, dagsett 21. október 1997, að lögmaður aðalstefndu hafi verið frá vinnu 9. 9. til 16. 9. '97 vegna veikinda. Samkvæmt því voru forföll lögmannsins 12. september sl. lögmet skv. a-lið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991. Í 4. mgr. þess ákvæðis er það skilyrði á hinn bóginn sett fyrir endurupptöku, að ekki hafi verið unnt að tilkynna forföll. Hefur ekkert komið fram um, að veikindi lögmannsins hafi verið þess eðlis, að honum hefði ekki verið unnt að tilkynna dóminum um þau fyrir þinghaldið.

Í bréfi sínu á dskj. nr. 66 segir lögmaðurinn orðrétt: „Ég bað ekki um endurupptöku málsins, þar sem ég þóttist þess fullviss, að sökin væri ekki tæk til efnislegrar meðferðar, sem reyndist vera.“ Þótt ekki sé fyllilega ljóst, hvað hér er átt við, þykir auðsætt, að aðalstefndu hafi upphaflega ákveðið að láta við útivist sína sitja. Þar sem þetta bréf fól ekki í sér beiðni um endurupptöku, hafa aðalstefndu fyrst fallið frá þessari ákvörðun með bréfi því, sem barst dóminum 2. apríl sl.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, að útivist varð af hálfu aðalstefndu, án þess að lögmaður þeirra tilkynnti um forföll sín, hvorki fyrir fram né innan eðlilegra tímamarka, og að þau ákváðu að biðja ekki um endurupptöku málsins, þykir málið ekki verða endurupptekið nú gegn vilja stefnanda. Verður beiðni þeirra um endurupptöku því hafnað og farið með málið skv. fyrirlagi Hæstaréttar í ofangreindum dómum.

Úrskurð þennan kveður upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu aðalstefndu, Estherar Laxdal og Hauks Laxdal, um endurupptöku máls þessa er hafnað.